

146

3. gr.

16. okt. Reglur þessar eru settar með hliðsjón af 38. gr. laga nr. 48/1946, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 92/1956, og gilda frá 1. september 1961.

Menntamálaráðuneytið, 16. október 1961.

Gylfi P. Gíslason.

Birgir Thorlacius

147

16. okt.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 273 30. desember 1950 varðandi gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja.

1. gr.

Við VIII. kafla reglugerðarinnar komi ný grein, 26. gr. A, svohljóðandi:
Öll fúkalyf, sem ætluð eru til notkunar í jógur á kúm, skulu árituð með svo-
felldum aðvörunarorðum með bláum bókstöfum á hvítum grunni: Eftir notkun
þessa lyfs er mjólkinn óhæf til manneldis í næstu fjóra sólarhringa.

2. gr.

Í stað orðanna „Súlfónamíð- eða pensilinsmyrslí“ í XVI. kafla 40. gr. 1-lið
reglugerðarinnar komi orðið „súlfónamíðsmyrslí“.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 16. október 1961.

Jóhann Hafstein.

Baldur Möller.

148

24. okt.

REGLUGERÐ

fyrir vatnsveitu Vestmannaeyja.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir fyrir alla Heimaey.

2. gr.

Bæjarráð Vestmannaeyja fer með stjórn vatnsveitunnar, sem er eign Vest-
mannaeyjakaupstaðar. Bæjarverkfræðingur Vestmannaeyja annast daglegan rekstur
vatnsveitunnar.

3. gr.

Vatnsveita Vestmannaeyja hefur einkasölu á vatni á svæði því, sem vatnsveitan
nær yfir og hún getur fullnægt, svo og til hafnarinnar.